

Græna morðið og glórulaus stjórnmal

Ian Rutherford Plimer (f. 1946) er jarðvísindamaður frá Ástralíu. Hann skrifaði fyrir tveim árum síðan bókina, „Græna morðið: Lífstíðardómur í fangelsi kolefnishlutleysis án náðunar“ (Green Murder: A Life Sentence of Net Zero with No Parole), þar sem hann leitast við að hrekja stjórnmalavísindamenskuna, sem ráðið hefur ríkjum í Sameinuðu þjóðunum (og á Íslandi) í áratugi. Hann hefur skrifað fleiri bækur um efnið.

Það var hópur alþjóðlegra auðvalda og fyrirmenna undir forystu David Rockefeller (1915-2017), sem tók þessa örlagaríku ákvörðun fyrir rúmri hálfri öld síðan. Þetta er mágsefjunarbrella til að rugla fólk í ríminu, villa því sýn og vekja ótta. Þannig verður lýðurinn meðfærilegri.

Áður en að því kom, voru til vísindamenn, sem spáðu ofurkólnun jarðar. En ofhitun þótti áhugamönnum um alheimsstjórn vænlegri til áróðurs og árangurs. Upp frá því hófst smíði vísindagagna og hræðsluáróðurs eins og menn þekkja úr heimi trúarbragðanna. Samkvæmt spámönnum beggja herbúða ættu ragnarök þegar að hafa átt sér stað. En í morgun sýnist mér engu að síður allt vera með ró og spekt hérna á Ameríkuflekanum.

Vonandi er það einnig svo í Ástralíu og Melbourne. En við háskólann þar í borg kenndi áður nefndur Ian, nú heiðursprófessor við skólann. Í nýlegum fyrirlestri segir hann m.a.:

Ég hef engar sérstakar skoðanir fram að færa heldur staðreyndir. Engin hefur sýnt fram á, að losun mannkyns á koltvísýringi (carbon dioxide) leiði til hlýnunar jarðar. Ef svo væri, þyrfti að sýna fram á, að um 97% náttúrulegs koltvísýrings stuðlaði ekki að slíkri hlýnun.

Það er unnt að sýna fram á það, að í kjölfar náttúrulegra hlýindaskeiða varð aukning á koltvísýringi. Orsakasambandið er því öfugt.

Vatnsgufuna ber sjaldan á góma. Hún er aðalgróðurhúsalofttegundin. Það er vatnsgufan, hvernig sem hún verður til, sem er lofthreinsibúnaður (conditioning) fyrir loftlag jarðarinnar. Vatnsgufa verður til við orkunotkun.

Við eigum í vandræðum með kreppu. En það er ekki loftlagskreppa. Það er skynbragskreppa. Það er menntunar- og stjórnunarkreppa. Við göngum af fólki dauðu með grænum stjórnmalum.

Í þessu sambandi er athyglivert að flokkar eins og VG á Íslandi eru víða við völd í vestrænni veröld. Þeir virðast ganga harðast fram í stríðinu gegn fólki bæði með grænum vopnum og eldspúandi.

Ian segir enn fremur: Við höfum á að skipa þúsundum velmenntaðra manna, sem spá heimsendi. Ef aðeins fáeinir meðal þeirra hefðu rétt fyrir sér, værum við löngu horfin af sjónarsviðinu. Sagan andmælir þeim.

Múgsefjun og uppkaup alheimsauðvaldanna á vísindamönnum og vísindatímamarkitum, ásamt fjölmiðlavelði þeirra, er verulegt áhyggjuefni. Boðskapur auðdrottna- og ríkismiðla er bíblía fólksins.

Það eru hins vegar engar líkur á því, að veröldin fari forgörðum vegna hamfarahlýnunar eins og íslenska ríkisstjórnin segir okkur. Hins vegar kynni hún að stefna okkur í fátækt, jafnvel glötun – sem og allir stjórnámálmenn af sama sauðahúsi.

Þetta er sama fólkið, sem varð covid-vitfiringunni að bráð og þvingaði landsmenn til að þiggja tilraunabóluefni, sem valdið hefur umtalsverðum skaða, meðal annars skertri frjósemi. Fólk er vistvont segja líka hamfarasinnar í lyfjaiðnaðinum.

Það er með skírskotun til bábiljunnar um gróðurhúsalofttegundir, að atlagan gegn bændum er gerð, lönd þeirra keypt og landbúnaður bannaður. T.d. kaupa nú alþjóðafyrirtæki upp gróðurlendi Úkraínu, samkvæmt formúlu Rothschild; kaupið meðan blóðið flýtur. Hvort tveggja eru nefnilega vistskúrkar, bændur og búfénaður.

Samtímis þessu stríði eru reist ræktunarver fyrir erfðabætt skordýr og gervikjötmeti. Með lögum og reglugerðum er tryggt, að þessi óþverri sé á boðstólnum. Lög um sárakaleysi við veiðar er einn angi af þessum stjórnámálum, sbr. bann Svandísar við hvalveiðum.

Græna geggjúin er þáttur í viðleitni alheimsauðjöfranna til að grípa veröldina heljartaki sínu. Þeir herða takið stöðugt. Fyrst þarf að leggja í rúst eða auðn, svo endurbyggja megi betur, að þeirra sögn. Kreppur, veiru- og vopnastríð, eru líka snar þáttur í þeirri áætlun.

Alheimsauðjöfrarnir eru vel á veg komnir með að leggja Evrópu og lönd í Afríku og Miðausturlöndum í rúst, efnahagslega og menningarlega, með því að reka fólk á flóttu með stríðsrekstri. Það skapar óafvitandi menningarlegan, félagslegan og

efnahagslegan glundroða. Atvinnurekendur Þýskalands hafa tekið til fótanna og leita hófanna hjá fjandmönnum.

Svo er að sjá, að grænu geggjuninni séu fá takmörk sett. Nú ber ekki á öðru, en að stjórnvöld og auðdrottinnar, sem stjórna á bak við tjöldin, ætli sér, eftir áralangar tilraunir á sviði jarðverkfræði, að gera alvöru úr því að hefta sólarljósið. Það segir CNBC. Og varla lýgur sú fréttaveita – eða hvað?

<https://www.cnbc.com/2023/06/30/white-house-releases-report-on-solar-geoengineering.html>

https://steigan.no/2023/07/europas-fall/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.science.org/content/article/rare-link-between-coronavirus-vaccines-and-long-covid-illness-starts-gain-acceptance?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://expose-news.com/2023/07/04/green-murder-we-have-a-crisis-but-its-not-a-climate-crisis/>

https://www.visionnews.online/post/gates-geoengineering-plan-to-block-out-the-sun-gets-biden-approval?postId=18b97c45-ec67-4c55-917f-2b97e27e15d1&utm_campaign=3625c004-88dc-4e3a-9997-886bf9b3a4af&utm_source=so&utm_medium=mail&utm_content=777622d1-8dde-4249-8465-e5caba3f2662&cid=13822ff6-9cac-4fec-a138-6b457b06a2f5

<https://www.iwkoeln.de/presse/pressemitteilungen/christian-rusche-geldabfluesse-in-deutschland-so-hoch-wie-nie.html>

https://www.youtube.com/watch?v=Xnu9_ULJnHs